



Grænfáninn

11. nóvember 2009

Aukafundur umhverfisstofndar miðvikudag kl. 13:30. Gestur fundarins var Ragnar Frank Kristjánsson, landslagsarkitekt og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri.

Ragnar kom til okkar vegna erindis okkar við Lbhí síðastliðið vor um aðstoð við skipulag og hönnun á grenndarskóginum okkar.

Mjög ánægjulegt og upplýsandi var að fá Ragnar til spjalls og ráðagerða. Hann setti fram ýmsar hugmyndir fyrir okkur til að vinna út frá og er tilbúinn til að vera okkur innan handar í þessari vinnu.

Hann telur t.a.m. nauðsynlegt að við setjum okkur markmið um það hvaða hópar munu nýta svæðið og hvað við viljum sjá á svæðinu.

Hann benti okkur á þann möguleika að leita til Helenar Óladóttur líffræðings og kennara sem sér um Náttúruskóla Reykjavíkur bæði með aðstoð og ráðleggingar og jafnvel til að fá hana til að vera með fyrirlestur til að kveikja áhuga fólks. Þá taldi hann einnig að leita mætti til Sigrúnar Helgadóttur sem er höfundur námsefnis sem nefnist Græn mappa með það í huga að fá hana vestur. Sjálfur er hann tilbúinn að koma með eitthvað efni á þannig fyrirlestur. Hann telur mikilvægt að vekja áhuga bæjaryfirvalda á þessu starfi þar sem grenndarskógurinn muni nýtast mun fleiri aðilum en nemendum skólans.

Lagði Ragnar til að eitt af fyrstu verkunum yrði að taka jarðvegssýni úr svæðinu til að greina jarðveginn. Hvað er í honum eða er hann snauður? Hægt væri að leita aðstoðar hjá Bjarna Diðrikssyni skógfræðingi við Lbhí varðandi þessa vinnu og greiningu.

Ragnar benti okkur á að skoða starfsemi í skólum í Danmörku þar sem mikið starf fer fram í skólaskógum. Hann mun senda okkur efni til að skoða.

Að lokum gengum við upp í grenndarskóginum og sýndum Ragnari svæðið. Honum leist mjög vel á svæðið og telur það þar séu margir möguleikar fyrir



Umhverfisnefnd Gsnb, Ólafsvík

Fundargerð



hendi. Hann var sammála um þann hluta svæðisins sem við höfðum ákveðið að yrði gert að miðsvæði þess. Lagði hann til að lækurinn sem rennur í gegn verði gerður að n.k. þema í gegnum svæðið þar sem jafnvel yrðu settar upp litlar stíflur og búnar til litlar tjarnir, einnig að í miðsvæðinu yrði hugað að því að nota grjót til hleðslu sem myndi þá passa við grjótið sem er í hlíðinni fyrir ofan svæðið. Þar nefndi hann að tilvalið væri að láta nemendur í elsta bekknum læra grjóthleðslu við þá vinnu.

Fundi slitið 15:00
Svanborg